

Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, ef ábyrgð félagsins hefur fallið niður eða takmarkast og þess hefur verið óskað að váttryggingin taki gildi aftur.

Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

“Félagið” merkir Vörður líftryggingar hf. sbr. a. lið 1. mgr. 62. gr. laga 30/2004..

Váttryggingartaki“ er sá sem gerir hóp váttryggingasamning við félagið um líftryggingu sbr. b. lið 1. mgr. 62. gr. laga 30/2004.

“Váttryggður” merkir sá maður hvers lífs eða heilsu váttryggingin tekur til.

„Samningur“ er það samkomulag sem í gildi er milli félagsins og váttryggingartaka um váttrygginguna.

„Samningstími“ er sá tími sem líður frá útgáfudegi skírteinisins til þess lokadags sem þar er skilgreindur

„Váttryggingaratburður“ merkir andlát hins líftryggða fyrir lok gildistíma tryggingar.

„Váttryggingarfjárhæð“ merkir þá fjárhæð sem til greiðslu kemur ef váttryggingaratburður verður, og er í forni eingreiðslu

“Fjármálaeftirlitið” er opinber eftirlitsaðili sem hefur eftirlit með starfsemi váttryggingafélag hér á landi skv. lögum nr. 60/1994 og síðari breytingum

“Vísitala” er vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

1. gr. Upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Samningstími váttryggingar er skráður á váttryggingarskírteinið. Váttrygging gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Váttrygging endurnýjast eitt ár í senn. Hafi váttryggingartaki hug á að segja samningi upp skal það gert skriflega og innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja endurnýjunartímabils. Váttryggingarvernd einstakra þátttakenda tekur gildi er þeir verða fastráðnir hjá þeirri bankastofnun sem telst váttryggingartaki með þeim takmörkum sem greinir í samningi. Ekki er krafist heilsufarsupplýsinga frá einstökum þátttakendum í hópnum.

Líftrygging einstakra þátttakenda fellur úr gildi er þeir hætta störfum hjá váttryggingartaka.

Váttryggingarvernd þessi fellur niður í lok þess árs er þátttakandi nær 65 ára aldri.

2. gr. Iðgjaldagreiðslur og vanskil

Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Váttryggingartaki fær 30 daga frest til greiðslu frá þeim degi sem félagið sendir tilkynningu um greiðslu til hans. Sé iðgjald enn ógreitt þegar greiðslufresti líkur sendir félagið váttryggingartaka tilkynningu með áminningu um vanskil, þar sem gefinn er 14 daga lokafrestur til greiðslu. Krafa um greiðslu er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega.

Skírteini þetta fellur úr gildi ef váttryggingartaki vanrækir að greiða iðgjöld að loknum veittum fresti. Váttryggingartaka ber enga að síður að greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi.

Í upphafi hvers váttryggingarárs skal áætla iðgjald samkvæmt upplýsingum váttryggingartaka um fjölda starfsmanna. Váttryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan tveggja mánaða frá lokum váttryggingarárs, allar nauðsynlegar upplýsingar til endanlegrar iðgjaldsákvörðunar. Vanræki váttryggingartaki að gefa upplýsingarnar í tæka tíð má félagið ákvarða endanlegt iðgjald.

Verði verulegar breytingar á fjölda einstaklinga í hóp innan váttryggingartímabils (t.d vegna sameininga) ber váttryggingartaka að tilkynna það tafarlaust til félagsins sem gerir viðeigandi breytingar á váttryggingu.

3. gr. Bótasvið

Félagið greiðir réttthafa bætur ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.

4. gr. Réttthafi bóta

Réttthafar dánarbóta eru háðir fjölskylduhögum í samræmi við gildandi kjarasamning milli Sambands Íslenskra bankamanna og Samtaka atvinnulífsins fyrir hönd banka og sparisjóða.

5. gr. Uppsögn

Félagið getur sagt váttryggingunni upp ef rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafa verið gefnar við töku trygginga eða váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingarskyldu sína sbr. 2.mgr. 76.gr. laga nr. 30/2004.

6. gr. Svik og rangar upplýsingar

Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína til félagsins um atvik sem haft geta áhrif á mat þess, fellur ábyrgð félagsins til váttryggingar eða bótagreiðslu niður í heild eða að hluta sbr. 83. gr. laga nr. 30/2004. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laga nr.30/2004. Svo og öðrum váttryggingarsamningum sem það hefur við váttryggingartaka án fyrirvara.

7. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum

8. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Svipti váttryggður sig lífi innan tólf mánaða frá gildistöku er félagið laust úr ábyrgð, nema sannað teljist að sjálfsvíg hafi ekki verið haft í huga við töku váttryggingarinnar, sbr. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 30/2004. Dánarbætur greiðast ekki ef þátttakandi deyr af völdum slyss og dánarbætur greiðast úr samningsbundinni slysatryggingu.

9. gr. Váttryggingarfjárhæð og verðtrygging

Váttryggingarfjárhæð er samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og Samtaka atvinnulífsins fyrir hönd banka og sparisjóða. Váttryggingarfjárhæðir eru háðar fjölskylduhögum þátttakanda svo sem nánar greinir í kjarasamningi.

Váttryggingarfjárhæðir taka breytingum tvisvar á ári í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs svo sem nánar greinir í kjarasamningi.

Váttryggingarfjárhæð þátttakanda sem eru eldri en 50 ára lækka um 4% af grunnfjárhæðum samkvæmt kjarasamningi fyrir hvert aldursár umfram 50 ár.

10. gr. Greiðsla bóta og vextir

Tilkynna skal félaginu um andlát váttryggðs án ástæðulausrar tafar.

Váttryggingarfjárhæðin skal greidd eigi síðar en 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því. Rétt hafi bóta á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. váttryggingarsamningalaga.

11. gr. Framhaldstrygging.

Gangi einstakur þátttakandi úr hópnum vegna starfsloka hjá váttryggingartaka er félaginu skylt að veita honum án nýrra heilsufarsupplýsinga samskonar váttryggingu og hann hafði í hópnum. Iðgjald þeirrar váttryggingar reiknast eftir gjaldskrá félagsins fyrir einstaklingabundnar líftryggingar. Skylda til þess að upplýsa þátttakendur í hópnum um rétt til framhaldstryggingar hvílir á váttryggingartaka. Réttur til framhaldstryggingar fellur úr gildi þremur mánuðum eftir lok samnings eða úrgöngu úr hópnum.

Félagið greiðir kostnað við öflun gagna sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu málsins og aflað er að beiðni þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

12. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fynast samkvæmt reglum 125. gr.laga nr.30/2004.

13. gr. Endurkaupsverðmæti og lán

Líftrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.

14. gr. Breyting á iðgjaldsgrundvelli

Félagið áskilur sér rétt til að breyta iðgjaldsgrundvelli verði veruleg breyting á dánarlíkum. Slíkar breytingar eru háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Félagið greiðir kostnað við öflun gagna sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu málsins og aflað er að beiðni þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

15. gr. Þagnarskylda og persónuvernd

Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál.

Félagið notar persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingarinnar aðeins við mat á tryggingarbeiðnum og við afgreiðslu bótakrafna.

16. gr. Meðferð ágreiningsmála

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

17. gr. Varnarþing

Mál sem kunna að koma upp vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

18. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti vísast í skilmála á samningi eða öðrum gögnum sem samningurinn byggir á, váttryggingarskírteini og lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessi gilda frá 1. október 2008